

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 286/2023

frá 27. október 2023

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1198 frá 21. júní 2023 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum til að heimila tilteknar landsbundnar undanþágur ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 13c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32023 D 1198:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1198 frá 21. júní 2023 (Stjtíð. ESB L 158, 21.6.2023, bls. 73).“

2. gr.

Texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2023/1198, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 158, 21.6.2023, bls. 73.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður